

Hverfisgata 14 – lóðarstækkun 1511189

Sótt er um lóðarstækkun til að koma fyrir bílastæði á lóð.

Óskað er eftir u.þ.b. eins meters færslu lóðarmarka inn á lóð Hverfisgötu 12, þannig mætti koma fyrir bílastæði við vestanvert húsið að Hverfisgötu 14. Í umsókn er bent á þrengsli í götunni við gatnamót Hraunstígs og Hverfisgötu.

Umsögn:

Í deiliskipulagi hverfisins „Miðbær Hraun Vestur“, sem samþykkt var í bæjarstjórn í sept. 2015, er ekki gert ráð fyrir stækkun lóðarinnar að Hverfisgötu 14.

Framkvæmd sú, sem umsækjandi hefur hug á, fæli óhjávæmilega í sér skerðingu á almenningsstæðum í götunni. Bæjaryfirvöld hafa almennt ekki fallist á slíka skerðingu. Einnig má benda á að hætta getur skapast við að bakka úr stæði út á þrönga götuna.

Fyrir dyrum stendur að umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar vinni að úttekt á almennum stæðum við Hverfisgötu. Eðlilegt er að ákvarðanir er varða bílastæði götunnar tengist þeirri vinnu.

14.07.2017

Guðrún Guðmundsdóttir, arkitekt/skipulagsfræðingur

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar